

32. karateþing Karatesambands Íslands 17. febrúar 2019

1. Þingsetning

Reinhard Reinhardsson, formaður KAÍ, setur þing kl. 10.07.

Lögmæti þings:

- Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar: *17. febrúar 2019*
- Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara: *tölvupóstur 10. janúar 2019*
- Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð: *tölvupóstur 3. febrúar 2019*

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þingforseti: Stefán Alfreðsson

Þingritari: María Helga Guðmundsdóttir

Þingforseti og þingritari kjörin með lófataki.

Ávarp gesta

Hafsteinn Pálsson frá framkvæmdastjórn ÍSÍ ávarpar þingið, ber því góðar kveðjur fyrir hönd ÍSÍ og stiklar á stóru í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Hafsteinn leggur áherslu á mikilvægi fjármögnunar íþróttastarfs gegnum Íslenska getsþá, vaxandi þátt Ólympíustarfs í íslenskum íþróttum og vinnu ÍSÍ út frá #MeToo-hreyfingunni.

Vicente og Ólafur Helgi heiðraðir

Stjórn KAÍ hefur einróma samþykkt að heiðra þá Vicente Carrasco og Ólaf Helga Hreinsson fyrir vel unnin störf í þágu karateíþróttarinnar um áratuga skeið. Reinhard Reinhardsson, forseti KAÍ, veitti þeim gullmerki KAÍ og þinggestir hylltu þá.

3. Kosnar fastar nefndir, skipaðar 3 mönnum hver

1. Kjörbréfanefnd
 1. Ævar Austfjörð
 2. Diljá Guðmundardóttir
 3. Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
2. Fjárlaganefnd
 1. Arnar Þór Jónsson
 2. Sigþór Samúelsson
 3. Gaukur Kristjánsson
3. *Laga- og leikreglnanefnd: engar laga- og leikreglnabreytingar liggja fyrir.*
4. Allsherjarnefnd
 1. Ólafur Helgi Hreinsson
 2. Halldór Stefánsson
 3. Rut Guðbrandsdóttir
5. Kjörnefnd
 1. Reinhard Reinhardsson
 2. Elías Guðni Guðnason
 3. Anna Olsen

4. Skýrsla stjórnar

Formaður gefur skýrslu fyrir hönd fráfarandi stjórnar. Engar spurningar eru bornar upp um skýrsluna.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum. 26 þingfulltrúar eru skráðir á kjörbréf, 24 viðstaddir og tveir væntanlegir.

Félag	Fjöldi fulltrúa
Karatedeild Fjölnis	2
Íþróttafélag Reykjavíkur	2
Karatefélag Vestmannaeyja	2
Fylkir	4
Karatefélag Akureyrar	1
Afturelding	5
Breiðablik	4
Karatefélag Reykjavíkur	4
Karatefélagið Þórshamar	2
Samtals	26

5. Ársreikningur

María Jensen, gjaldkeri KAÍ, leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar (fylgiskjal 1). Eftirfarandi spurningar eru bornar upp.

Eliás Guðni: Er formaður landsliðsnefndar eini aðilinn sem fær greitt fyrir nefndarstörf?

Reinhard: Í fyrra var greidd eingreiðsla til formanns landsliðsnefndar vegna mikillar vinnu við Smáþjóðamótsferðina. Það er eina þóknunin sem greidd hefur verið til nefndarmanns í sögu KAÍ.

Sædis Magnúsdóttir: Hvernig skiptist landsliðsfjármagn til kata- og kumiteliðs?

Reinhard: Miðað við ca. 35-40% í kata og 60-65% í kumite.

Dorsteinn Yngvi: Var ráðinn einstaklingur til að afla auglýsingatekna fyrir KAÍ, eins og rætt var á síðasta þingi?

Arnar Þór: Það var reynt, talað við tvo aðila, en við fengum þau svör að það væru svo lélegar heimtur að það væri ekki þess virði að taka þetta að sér.

Eliás: Einn stærsti liðurinn undir kostnaði við mótahald er „annað“. Hvað er það?

María Jensen (Mæja): Blóm, posaleiga, uppskeruhátíð og ýmislegt fleira.

Sædis: Er peningum betur varið í blóm heldur en aðeins veglegri medalíu handa verðlaunahöfum? Börnin og unglíngarnir gefa blómin gjarnan öðrum en halda upp á medalíuna.

Mæja/Reinhard: Þetta er ágætt umfjöllunarefni fyrir fjárlaganefnd á eftir.

6. Fjárhagsáætlun

Formaður leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár fyrir hönd stjórnar (sjá fylgiskjal). Fjárhagsáætlun er vísað til fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar.

7. Laga- og leikreglnabreytingar

Engar laga- og leikreglnabreytingar liggja fyrir þinginu.

Formaður KAÍ kynnir lítillaga breytta afreksstefnu KAÍ. Tveimur atriðum er vísað til þingsins:

- Með tilkomu unglíngalandsliðshóps þarf að setja ramma utan um það, hvað varðar inntökuskilyrði o.þ.h.
- Til að halda stöðu okkar sem B-samband innan ÍSÍ þurfum við að leggja talsverða fjármuni í verkefni og umgjörð.

Formaður vísar afreksstefnu til allsherjarnefndar, með áherslu á þetta atriði.

8. Aðrar tillögur og mál

Þrjár tillögur frá stjórn liggja fyrir þinginu.

Tillaga 3: Karateþing samþykki að veita stjórn KAÍ umboð til að greiða formönnum nefnda sambandsins laun fyrir störf sín.

Tillaga 4: Öll félög innan Karatesambands Íslands sem taka þátt í mótastarfi sambandsins verða að eiga réttindadómara og senda þá á mót á á vegum þess.

Tillaga 5: Karateþing samþykki að öll karatefélög sem taka þátt í mótahaldi KAÍ skipi einn nefndarmann í mótanefnd KAÍ.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

– Þ I N G H L É –

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

10.1 Fjárlaganefnd

Tillaga 3. Greiðslur til nefndaformanna.

Fjárlaganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og útfærslu vísað til stjórnar. Það vantar upplýsingar um það hvaða nefnda þetta nái til, hvernig greiðslu verði háttað og hvaða verkefnum þeim beri skylda til að sinna.

Lagt er til að tillagan nái til landsliðs-, móta- og dómaranefnda og að hámarksupphæð verði 300.000 krónur.

Tillaga lögð fyrir karateþing með breytingum á greinargerð.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

Fjárhagsáætlun

Nefndin hefur áhyggjur af því að fjárhagsáætlun sé nokkuð veik. Þörf sé á mikið meiri tekjum og lagt er til að stofnuð verði nefnd sem vinnur virkt að tekjuöflun fyrir

sambandið. Þróa þurfi „pakka“ hlunninda sem hægt sé að bjóða mögulegum styrktaraðilum. Dæmi um tekjumöguleika eru t.d. auglýsingar á keppnisbúningum og utanyfirgöllum keppenda á mótum.

10.2 Allsherjarnefnd

Tillaga 4. Dómarar á mótum

Athugasemdir nefndar: Félögin þurfa að eiga réttindadóma í bæði kata og kumite eftir því sem við á. Félög sem hafa tök á að þjálfa upp keppendur hafa einnig tök á að þjálfa upp dómara og eiga að geta sinnt því.

Helgi: Eins og staðan er hallar á réttindadómara í kumite. Þeir eru of fáir.

Þorsteinn: Eru einhver félög með skilyrði fyrir dan-gráðun að hafa dómara rétti?

Ingólfur: Dómaranefnd stendur til boða að koma inn á landsliðsæfingar með dómara og gefa þeim æfingu í dómgæslu.

Pétur: Dómarar eru líka hvattir til að koma á fjörkálfamótin og nýta þann vettvang til að fá reynslu.

Sædis: Það er 16 aldurstakmark á dómgæslu, sem stendur sumum fyrir þrifum.

Tillagan samþykkt.

Tillaga 5. Mótanefnd

Diljá: Var ekki upprunalega lagt upp með að fjölgað yrði í mótanefnd til að hver nefndarmaður þyrfti bara að mæta á hluta móta?

Í umræðum kemur auk þess fram að þörf sé á mismörgum starfsmönnum á mót. Hvert félag geti einnig tilnefnt marga nefndarmenn og þeir skipt með sér verkum/mótum. Hugsunin sé sú að hin stækkaða mótanefnd sjái nú um hlutverk starfsmanna á mótum – manni ritaraborð o.s.frv.

Tillagan samþykkt.

Afreksstefna

Nefndin leggur til að breyta orðalagi um skilgreiningu á afrekum, í samræmi við nýtt keppnisfyrirkomulag í kata. Skilgreiningu á afrekum er breytt svo að afrek teljist nú 16 manna úrslit á Evrópu- og heimsmeistaramótum, frekar en 8 manna úrslit á Evrópumeistaramótum og 16 manna úrslit á heimsmeistaramótum.

Skilgreiningu á landsliðum breytt lítillega, svo ekki sé aldur inni í skilgreiningum á unglingslandsliði og fullorðinslandsliði.

Í stað þess að tala um A-landslið í sambandi við aðgang að sérfræðingum verði talað um landslið.

Kjörnefnd

Tilnefnd í stjórn:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- María Helga Guðmundsdóttir
- María Jensen
- Ævar Austfjörð

Tilnefnd í varastjórn:

- Rut Guðbrandsdóttir
- Magnea Rós Axelsdóttir
- Diljá Guðmundardóttir

Tilnefnd í aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Ragnar Eypórsson

Varamenn í aganefnd:

- Ævar Autfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

Tilnefndir skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson
- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

11. Önnur mál.

11.1. Ný persónuverndarlög

Umræða um vörslu persónuupplýsinga í Sportdata og birtingar myndbanda og ljósmynda af iðkendum á vegum sambandsins. Því er skotið til stjórnar að fá leiðsögn frá ÍSÍ með að fylgja nýju GDPR-persónuverndarlöggjöfni.

11.2 Höfuðmeiðsl

Knattspyrnusamband Íslands hefur unnið ítarlegustu leiðbeiningarnar um höfuðmeiðsl í íþróttum innan ÍSÍ. Á heimasíðu KAÍ er nú komin blá og hvít mynd sem vísar á prótókolla og upplýsingar ÍSÍ/KSÍ um höfuðhögg. Þar eru meðal annars ítarlegar upplýsingar um það hvernig iðkendum er hleypt aftur inn á æfingar og keppni eftir höfuðhögg. Stjórn KAÍ minnir á að við verðum að fara eftir þessu og vera mjög árvökul, sérstaklega í málefnum barna.

11.3 Fjörkálfamót

Umræða um hlífðarbúnað á fjörkálfamótum í kumite. Samþykkt er að félögin sem halda og taka þátt í fjörkálfamótum ræði málið sín á milli.

11.4 Fréttir af landsliðsferðum

Nauðsynlegt er að bæta verkferla í sambandi við frétttaflutning úr landsliðsferðum. Tilgreina þarf það hver ber ábyrgð á því að flytja fréttir úr landsliðsferðum og tryggja að þær verði fastur hluti af hverri ferð.

11.5 Hlutverk klúbbanna

Ólafur Helgi hvetur klúbbana til að virkja sitt fólk í starfi karatesambandsins. Helgi Jóhannesson áréttar mikilvægi þessa, sérstaklega hvað varðar það að fólk sækir dómara námskeið.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Úr lögum KAÍ: *Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.*

Stjórn:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- María Helga Guðmundsdóttir
- María Jensen

- Ævar Austfjörð

Varastjórn:

- Rut Guðbrandsdóttir
- Magnea Rós Axelsdóttir
- Diljá Guðmundardóttir

Skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson
- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

Aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Ragnar Eypórsson

Varamenn:

- Ævar Autfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

14. Val fulltrúa á Íþróttaping.

Vísað til stjórnar.

15. Þingslit.

Stefán Alfreðsson þingforseti slítur þingi kl. 14:11 og hvetur þingfulltrúa til að vera virk í starfi KAÍ og skjóta málum til stjórnar og nefnda.

Stefán Alfreðsson, þingforseti

María Helga Guðmundsdóttir, þingritari